



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lagaskrifstofu Alþingis, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 30 – 30. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði lagaskrifstofa Alþingis sem á að tryggja vandaða lagasetningu.

Telur skrifstofan það skref í rétta átt svo að samræmis sé gætt í allri lagasetningu, þau samræmist stjórnarskrá og alþjóðasamningum og að komið verði í veg fyrir að á frumvörpum séu lagatæknilegir ágallar. Eins og segir í greinargerð þá er það mikilvægt að tryggja gæði lagasetningar og byggja upp traust á löggjafarvaldinu og er stofnun lagaskrifstofu liður í því.

MRSÍ gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp og telur að ákvæði þess muni stuðla að aukinni mannréttindavernd við gerð lagafrumvarpa. Það verður að teljast til réttarbóta að sérstök skrifstofa hafi það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna hvort þau samræmist mannréttindaákvæðum Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem og öðrum þjóðréttarlegum skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir á sviði mannréttinda.

Skrifstofan fagnar því ofangreindu frumvarpi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri